

## Reglur um nýsköpunarstyrki Mosfellsbæjar

1. gr.

### **Almennt**

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd Mosfellsbæjar veitir annað hvert ár nýsköpunarstyrk að upphæð kr. 500.000.

2. gr.

### **Styrkhæf verkefni**

Styrkhæf verkefni geta ýmist verið hugmynd, vara eða þjónusta sem telst nýlunda í samfélagi, innan fyrirtækis, vöruþróun eða framþróun á þjónustu eða starfsemi fyrirtækis eða stofnunar í Mosfellsbæ.

3. gr.

### **Hverjir geta hlotið nýsköpunarstyrk Mosfellsbæjar?**

Einstaklingur/einstaklingar með lögheimili í Mosfellsbæ eða fyrirtæki með lögheimili í Mosfellsbæ.

Einstaklingur eða fyrirtæki sem vinna að nýsköpunarverkefni sem gagnast sérstaklega íbúum, fyrirtækjum eða stofnunum í Mosfellsbæ, málefnum eða verkefnum sem tengjast Mosfellsbæ sérstaklega.

4. gr.

### **Umsókn**

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd auglýsir eftir umsóknum um nýsköpunarstyrk Mosfellsbæjar annað hvert ár.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, hvar og hvernig skuli sækja um, auk upplýsinga um umsóknarfrest og hvenær umsóknir verði afgreiddar.

5. gr.

### **Viðmið um mat á verkefnum**

Við mat á verkefni skoðar nefndin einkum nýnæmi, frumleika, útfærslu og samfélagsleg áhrif.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd áskilur sér rétt til að boða umsækjendur á sinn fund í umsóknarferlinu til að gera nánar grein fyrir verkefni sínu eða óska eftir upplýsingum.

6. gr.

### **Úthlutun styrkja**

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd vinnur úr innsendum umsóknum og leggur til við bæjarstjórn Mosfellsbæjar hverjum skuli veittur nýsköpunarstyrkur Mosfellsbæjar hverju sinni. Tillaga nefndarinnar skal innihalda rök og forsendur fyrir vali umsókna.

Tilkynna skal öllum umsækjendum þegar bæjarstjórn hefur tekið ákvörðun um úthlutun styrkja.

Styrkþegi ábyrgist að styrkurinn sé einungs varið til þess verkefnis sem er styrkt. Ef verkefnið er ekki unnið þá fellur styrkur niður.

7. gr.

### **Samantekt og kynning**

Handhafar nýsköpunarstyrks skila samantekt á framvindu u.þ.b. 12 mánuðum frá styrkveitingu og halda kynningu fyrir atvinnu- og nýsköpunarnefnd og skila greinargerð um árangur og/eða lok verkefnis.